

Fundur í almannavarnanefnd í umdæmi Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra þriðjudaginn 05.05.2026 kl. 13.00 í fundarherbergi Herðubreið á lögreglustöð og á teams. Vorfundur.

Mættir: Páley Borgþórsdóttir, Þórir Hákonarson Fjallabyggð, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir Dalvíkurbyggð, Snorri Finnlaugsson Hörgársveit, Ásthildur Sturludóttir Akureyrarbæ, Finnur Yngvi Kristinsson Eyjafjarðarsveit, Þórunn Sif Harðardóttir Svalbarðsstrandarhreppi, Þröstur Friðfinnsson Grýtubakkahreppi, Gerður Sigtryggsdóttir Pingeyjarsveit, Katrín Sigurjónsdóttir Norðurþingi og Bjarnheiður Jónsdóttir Langanesbyggð.

Starfsmenn: Bergur Jónsson, Hermann Karlsson.

Aðalsteinn Halldórsson Tjörneshreppi, Björn S. Lárusson Langanesbyggð og Gunnar Rúnar Ólafsson slökkviliðsstjóri Ak boðuðu forföll.

1. Starf nefndarinnar frá síðasta fundi 04.12.2025

a. Virkjun AST

Aðgerðarstjórnstöð var virkjuð 7 sinnum frá síðasta fundi nefndarinnar sem haldinn var þann 04.12.2025. Hér eru ekki nefnd mál sem voru unnin á vegum lögreglu og björgunarsveita án virkjunar AST. Einkum er um að ræða atvik tengd óveðri eða snjóflóðahættu fyrir utan boðun á neyðarstigi á Akureyrarflugvöll.

Hér er samantekt vegna AST á Akureyri og Húsavík frá því í haust

24.12.25	Appelsínugul veðurviðvörðun, Norðurland eystra, AST virkjað 24. des vegna fokverkefna í Eyjafirði
31.12.25	AST Húsavík, gróðureldar í Húsavíkurfjalli
14.03.26	Óvissustig, snjóflóðahætta á Norðurlandi, rýming á Siglufirði Unnið af lögreglu, AST ekki virkjað
20.03.26	AST, Akureyri, ófærð, Siglufjarðarvegur
23.03.26	AST, Akureyri, ófærð, Siglufjarðarvegur
28.03.26	AST, Akureyri, snjóflóð á vélsleðamenn í Ólafsfirði
06.04.26	AST, Akureyri, F1 – Neyðarstig Akureyrarflugvöllur

b. Jarðskjálftar

Frá síðasta fundi hafa komið reglulega skjálftar á hefðbundnum svæðum, sérstaklega í Bárðarbungu og sá stærsti í lok janúar upp á 5,3 stig. Þá hafa nokkrir skjálftar verið í kringum 4 stig. Veðurstofan hefur ekki séð ástæðu til þess á þessu tímabili að vekja neina sérstaka athygli á þessum skjálftum, þeirra sérfræðimat er að þeir séu þekktir og komi reglulega.

Þá má segja að hægt hafi verulega á landrasi í Öskju og mun Veðurstofan skoða með vorinu hvort það landris sé komið á endastað að sinni. Hófst 2021 og síðan þá hefur óvissustig verið í gildi.

c. Æfingar

- Sept 2025 Flugverndaræfing Akureyrarflugvöllur
- Mars 2026 Námsstefna aðgerðastjórnenda í umdæmi LNE á Húsavík

- Vor 2026 Æfingar fyrir áhöfn AST
- Maí 2026 Flugslysaæfing Akureyrarflugvöllur
- Vetur 2026 Námskeið fyrir vettvangsstjórnendur lögregla, björgunarsveit, slökkvilið, HSN

2. Námsstefna almannavarnanefndar 13.-14. mars 2026

Námsstefnan var sett upp með sama sniði og í fyrra, tveir dagar og gisti í eina nótt. Hún fór fram 13. og 14. mars 2026 í fjórða sinn á vegum almannavarnanefndar. Staðsetningin sú sama og undanfarin ár, Fosshótel Húsavík. Markhópurinn eru fulltrúar viðbragðsaðila á Norðurlandi eystra til að eiga samtalið um aðgerðarmálefni sem og málefni almannavarna í víðu samhengi. Höfum horft til þess að þátttakendur séu um 50 talsins auk fyrirlesara.

Á síðasta fundi almannavarnanefndar var samþykkt að gera ráð fyrir allt að 3 milljónum í rekstraráætlun ársins 2026 til þessa verkefnis. Við undirbúning námsstefnunnar nú endaði kostnaðaráætlun uppá 2.209.000 kr. Raunkostnaður varð síðan 2.262.800 kr. Að venju voru efnistösk námsstefnunnar fjölbreytt og sýndu þau svo ekki er um villst að í okkar umdæmi er í mörg horn að líta hvað varðar hættur og ýmsa vá og margir snertifletir á samstarfi viðbragðsaðila. Öllum bæjar- og sveitarstjórum bauðst að sækja námsstefnuna og þáðu Gerður Sigtryggsdóttir og Katrín Sigurjónsdóttir boðið. Hér fyrir neðan má sjá dagskrána.

Námsstefna - Umdæmi almannavarnanefndar LNE

Námsstefnustjóri Hermann Karlsson					
Kl.	Föstudagur 13. mars	Ábyrgð	Kl.	Laugardagur 14. mars	Ábyrgð
			08:00	Morgunmatur	
10:00	Dagskrá hefst í sal		10:00	Dagskrá hefst í sal	
	Setning	Páley			
10:30	Tölfræðilegt mat á tjónnæmi bygginga í stjórum jarðskjálftum	Hulda / Jón NTÍ	10:00	Örugg fjarskipti - hver er staðan ?	Helgi
11:30	Dokkudrónar LNE	Bergur	11:00	Sambandslaust Ísland	Tryggvi
12:00	Hádegismatur - Fosshótel		12:00	Hádegismatur - Fosshótel	
13:00	Þjóðaröryggisstefna Íslands og áfallaþol samfélagsins	Helgi Valberg	13:00	Jarðskjálftinn á Kópaskeri 1976 Viðbrögð, viðbúnaður og lærdómur	Ingibjörg
14:00	Veðurstofan - uppærð rýmingarkort á Tröllaskaga og á Akureyri	Jón Kristinn	13:45	Settu hendur í vasann og fáðu yfirsýnina	Ástvaldur
14:45	Kaffihlé		14:45	Kaffihlé	
15:15	Notkun vefsjár Loftmynda við rýmingar á Austurlandi	Jón Björn	15:15	Þrekaun inn af botni Garðsárdals 2004	Smári
16:00	Hin lifandi jörð, hvers er að vænta í síkviku norðaustur ampti	Ármann	16:15	Lokaorð	Hermann
17:00	Dagskrárlok í sal		16:30	Námsstefnulok	
17:30	Happy hour				
19:30	Kvöldmatur - Fosshótel				

Eins og sjá má voru mörg áhugaverð erindi sem snerta okkar umdæmi með ýmsum hætti og atriði sem þarf að halda áfram á lofti og vinna frekar með.

Helgi Valberg Jensson, ritari Þjóðaröryggisráðs og starfsmaður Forsætisráðuneytis fjallaði um Þjóðaröryggisstefnu Íslands og áfallaþol samfélagsins. Helgi Reynisson frá neyðarlínunni fjallaði um örugg fjarskipti og hver væri staðan á neyðarfjarskiptum til framtíðar. Tryggvi Farestveit frá Photon hélt erindi er nefndist Sambandslaust Ísland og fjallaði um öryggi í stafrænum innviðum. Allt áhugaverð erindi sem vekja okkur til umhugsunar um áfallaþol umdæmisins og landsins alls.

Ármann Höskuldsson prófessor og eldfjallasérfræðingur fjallaði um jarðfræði umdæmisins einkum með áherslu á jarðskjálftavirkni og hvernig hún gæti birst okkur og hvaða svæði væru undir. Þá fjölluðu Hulda Ragnheiður Árnadóttir og Jón Örvar Bjarnason sérfræðingar Náttúruhamfaratryggingar Íslands um tölfraðilegt mat á tjónnæmi bygginga í stórum skjálftum sem unnið var á grundvelli gagna úr Suðurlandskjálftunum. Búið er að kortleggja svæðið við Skjálfanda í þeirri viðleitni að meta tjónnæmi bygginga á svæðinu. Þá flutti Ingibjörgu Benediksdóttur erindi upp úr rannsókn sinni á jarðskjálftanum sem varð á Kópaskeri árið 1976 og olli miklu tjóni. Fjallað var um viðbrögð, viðbúnað og þann lærdóm sem draga má af atvikinu.

Þá fjallaði Bergur Jónsson yfirlöggluþjónn LNE um verkefni lögregluembættisins sem felst í að vera með fjarstýrða dróna víðsvegar í umdæminu sem nýttir eru sem fyrsta viðbragð, einkum þar sem lögregla hefur ekki sólarhringsviðveru. Jón Kristinn Helgason sérfræðingur á Veðurstofu Íslands kynnti uppfærð rýmingarkort fyrir Tröllaskaga og Akureyri og Jón Björn Hákonarson starfsmaður almannavarna hjá Lögreglustjóranum á Austurlandi kynnti notkun vefsjár Loftmynda við rýmingar á Austurlandi. Ástvaldur Gylfason hélt erindi upp úr lokaverkefni sínu sem bar heitið Settu hendur í vasa og fáðu yfirsýn og fjallaði um hlutverk vettvangsstjóra í aðgerðum. Að lokum fengum við reynslusögu um leitar- og björgunaraðgerð frá Smára Sigurðssyni fulltrúa Landsstjórnar og Svæðisstjórnar 11 sem bar heitið Þrekraun inn af botni Garðsárdals 2004. Yfirgripsmikið og flókið verkefni sem leyst var við erfiðar aðstæður.

Þátttakendur voru ánægðir með fyrirkomulagið og áhugaverða fyrirlestra. Almennavarnanefnd á þakkir skildar fyrir að standa jafn myndarlega að námsstefnunni og raun ber vitni og vill formaður koma því á framfæri af hálfu þátttakenda.

Sveitarstjórar sammála um að vel hafi tekist til og að námsstefnan væri til fyrirmyndar.

3. Ársreikningur fyrir árið 2025

Lagður var fram ársreikningur fyrir árið 2025. Tekjur í formi framlaga sveitarfélaga voru 7.618.870.- kr., almennur rekstrarkostnaður 7.137.977.- kr. og rekstrarniðurstaða hagnaður að fjárhæð 480.893.- kr. Hagnaður að teknu tilliti til fjármunatekna og gjalda var 640.897.- kr. Efnahagsreikningur sýnir eigið fé að teknu tilliti til afkomu upp á 3.576.627.- kr. Á meðfylgjandi yfirliti má sjá sundurliðun á öllum kostnaði vegna reksturs sem er á ábyrgð almennavarnanefndarinnar. Ljóst er að rekstrinum er þröngur stakkur sniðinn og full ástæða til að reyna að styrkja hann frekar. Formaður kynnti hugmyndir að nýju fyrirkomulagi við greiðslur til nefndarinnar sem byggðist annars vegar á grunngjaldi og hins vegar skiptingu miðað við íbúafjölda. Formaður telur eðlilegt að samstarfssamningur verði endurnýjaður að loknum sveitarstjórnarkosningum sem fara fram 16. maí nk.

Boðið var upp á umræður um ársreikninginn og hann svo borinn undir atkvæði. Ársreikningurinn samþykktur með öllum greiddum atkvæðum. Fundarmenn sammála um að eðlilegt sé að skoða framlög til reksturs almannavarnanefndarinnar enda verkefnið afar mikilvægt í þágu borgaranna auk þess sem störfum á sviðinu fjölgar frekar en að dragi úr.

4. Fjöldahjálparstöðvar endurskoðun. Aðalheiður Jónsdóttir teymisstjóri neyðarvarna Rauða krossins kemur inn á fundinn á teams og ræðir stöðuna.

Aðalheiður Jónsdóttir teymisstjóri neyðarvarna Rauða krossins sendi lögreglustjóra erindi og óskaði eftir því að fá að ræða skipulag fjöldahjálparstöðva í umdæminu við nefndina. Sigurbjörg Rún Jónsdóttir deildarstjóri Rauða krossins í Eyjafirði mætti einnig til fundar á teams. Að mati Rauða krossins við Eyjafjörð er orðið aðkallandi að almannavarnanefnd endurskoði fjöldahjálparstöðvar í umdæminu. Rauði krossinn nefndi sem dæmi að grunnskólinn Lundaskóli væri eini skólinn sem væri skráður sem fjöldahjálparstöð á Akureyri en hann væri afar óhentugur að mörgu leiti auk þess sem mikilvægt er að hafa varaáætlun ef skólustarf er í gangi þegar nýta þarf fjöldahjálparstöðvar. Rætt í tilviki Akureyrarbæjar að Íþróttahöllin væri æskilegur staður og hefur bærinn skilgreint hana í sínum gögnum. Rætt um stöðuna í öðrum sveitarfélögum og að æskilegt sé að öll sveitarfélög hafi húsnæði skilgreind sem fjöldahjálparstöðvar. Sum skilgreind húsnæði eru komin í einkaeigu og þarf þar að gera ráðstafanir vegna þess. Rauði krossinn mun senda erindi á sveitarfélögin og óska eftir endurskoðun á skipulagi fjöldahjálparstöðva.

Fundarmenn tóku virkan þátt í umræðum og munu taka þetta til skoðunar í sínum sveitarfélögum og ræða á næsta fundi almannavarnanefndar.

5. Rýmingarkort og skilgreiningar

Hermann Karlsson kynnti uppfærslu Veðurstofu Íslands á rýmingarkortum fyrir Tröllaskaga og Akureyri og þá möguleika sem eru í boði við að nota þau í tengslum við aðra gagnagrunna líkt og gert hefur verið fyrir austan með góðum árangri. Möguleiki er á að á bakvið rýmingarkortin verði aðrir grunnar þar sem upplýsingar eru um fasteignir, lögheimilisskráningar, símanúmer og fleira þannig að rýmingar verði hægt að framkvæma með skilvirkum og skipulögðum hætti. Fjallað var um aðgengi að kortunum á vef Veðurstofunnar þar sem allir gætu kynnt sér svæðaskipulag og fleira gagnlegt. Næsta skref er að eiga samtalið við sveitarfélögin áður en til útgáfu kemur þar sem þau geta gert athugasemdir við uppdrætti og skipulag á grundvelli staðþekkingar. Markmiðið er að þessi kort verði tilbúin til notkunar í haust.

Fundarmenn telja þetta geta verið afar gagnlegt og munu sveitarfélög sem þetta varðar skoða fyrirkomulagið með jákvæðum augum innan sinna raða.

6. Gagnaöflun vegna skjálftavirkni



Í erindi Ármanns Höskuldssonar prófessors á námsstefnu í mars um skjálftavirkni í umdæminu og áhrif hennar kom fram að sambærilegar aðstæður eru í jarðskorpunni á Suðurlandi og á Skjálfanda þar sem hliðrun í jarðskorpunni eftir uppsafnaða spennu getur valdið stórum skjálftum líkt og Suðurlandsskjálftunum 2000 og 2008. Miðað er við að um 100 ár séu á milli þessara skjálfta. Árið 1755 var þar skjálfti upp á 7-7,1 og stór skjálfti árið 1871. Því má kannski segja að Norðurlandsskjálfti sé kominn á tíma.

Erindi Náttúruhamfaratrygginga á námsstefnunni var afar upplýsandi þar sem búið er að kortleggja byggingar á mögulegu áhrifasvæði skjálftans og reynt á grundvelli gagna frá rannsóknum við Suðurlandsskjálftann að meta tjónnæmi bygginga á svæðinu. Fasteignir virðast samkvæmt því vera misnæmar fyrir skjálftum sem getur grundvallast á því á hvaða tíma þær eru byggðar eða hvernig þær eru byggðar.

Í því skyni að afla frekari upplýsinga um byggingar á svæðinu og styrk þeirra hefur embættið hafið gagnaöflun frá Mannvirkjastofnun, skipulagssviði Norðurbings o.fl. í því skyni að eiga góðar upplýsingar um fasteignir á svæðinu. Formaður telur það mikilvægt hlutverk almannavarna að upplýsa fólk um þær hættur sem kunna að vofa yfir og telur því eðlilegt að NTÍ kynni tölfræðirannsókn sína hið fyrsta fyrir íbúum á Húsavík og nágrenni auk þess sem íbúar fái kynningu á jarðfræðinni á svæðinu. PB kynnir fyrirhugaðan íbúafund fyrir almannavarnanefnd og ræðir mögulegar útfærslur.

Skjálftar og sprungur

1260, 1618, 1643, 1681, 1682, 1724-1728,
1755, 1802, 1815, 1826, 1838, 1855,
1867, 1872, 1874-1875, 1880, 1882, 1884,
1885, 1897, 1899, 1934
(Thoroddsen 1899)



Sólnes og fleiri 2004

Hér fyrir ofan er glæra úr fyrirlestri ÁH þar sem sjá má brotabeltin á Norðurlandi og þau svæði þar sem stærstu skjálftarnir koma fram þ.e. á Suðurlandi annars vegar og á Norðurlandi hins vegar.

Fundarmenn ræddu um mikilvægi upplýsinga fyrir viðbragðsaðila ef stóri skjálftinn kemur. Formaður verður í sambandi við fulltrúa Norðurbings um fyrirkomulag íbúafundar í því skyni að miðla upplýsingum sem fram hafa komið til íbúa.

7. Önnur mál

7.1 Landganga hvítaljarna

Embættið hefur komið að vinnu við gerð viðbragðsáætlunar vegna landgöngu hvítaljarna og er hún unnin af almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og fulltrúum lögregluembættanna á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra og eystra, að beiðni dómsmálaráðuneytis. Samráðshópur sérfræðinga leggur til að verklagið verði að fella alla hvítaljarna sem ganga hér á land og er það vel rökstudd niðurstaða. Samráðshópurinn lagði til að almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og lögregla ynnu viðbragðsáætlun vegna hvítaljarna sem ganga hér á land þar sem gengið er út frá því að birnir séu ávallt felldir, í samræmi við afstöðu stjórnvalda.

Áætlunin hefur enn ekki tekið gildi en verður kynnt frekar þegar hún liggur fyrir.

Fundarmenn þakka upplýsingarnar og eru ánægðir með að það skuli vera komin skýr niðurstaða í að það eigi að fella alla hvítabirni sem ganga á land.

7.2 Skriða í Grýtubakkahreppi

Aðfaranótt 28.04.2026 skömmu eftir miðnætti féll lítil aurskriða á Grenivíkurveg við Knarrarnes nærri Víkurskarði og lokaði veginum til Svalbarðstrandarhrepps. Engan sakaði og Vegagerðin setti upp lokunarskilti og varaði við skriðuhættu. Vegurinn var opnaður undir hádegi og umferð beint um Víkurskarð á meðan á lokun stóð. Sveitarstjóri Grýtubakkahrepps gagnrýndi að hann hafi ekki fengið upplýsingar um skriðuna því ekki voru settar út upplýsingar á fb síðu lögreglunnar. Sveitarstjóra bent á þann möguleika að hringja í 112 og óska eftir sambandi við lögreglu og fá upplýsingar ef þær skorti. Um lítinn atburð var að ræða og hafði verið birt frétt á vef RÚV um nóttina.

7.3 Þakkir

Þar sem kosningar eru á næsta leiti og óvíst hvort að sömu einstaklingar muni sitja áfram sem sveitarstjórar á næsta kjörtímabili vill formaður þakka nefndarmönnum kærlega fyrir afar gott samstarf og samvinnu síðastu fjögur árin. Formaður telur alla fulltrúa geta verið stolta af verkum sínum og stöðu almannavarnamála í umdæminu enda líta önnur umdæmi til Norðurlands eystra sem fyrirmyndar í málaflokknum.

Fundarmenn taka undir með formanni varðandi gott samstarf og árangursríkt og þakka fyrir góð störf í þágu samfélaganna.

Fleira var ekki rætt

Fundi slitið kl. 14.30

Fundargerð ritaði Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri.

Fundargerð samþykkt af Katrínu Sigurjónsdóttir, sveitarstjóra Norðurþings.